



AFP

Umdeildur nautaslagur í lok vetrar

Um 5.000 manns söfnuðust saman í þorpinu Taruka í Nepal í gær til að fylgjast með nautaslagshátöð sem haldin er árlega til að fagna því að vetrinum er lokið. Á háttíðinni er fjórtán þörum af nautum, oftast villinautum, att saman og eigandi sigurvegarans í hverri víður-eign fær 2.000 rúpíur, jafnvirði rúmra 2.550 króna. Há-

ttíðn hefur verið haldin frá nítjándu öld. Nautin eru ekki drepin eins og í nautatöðum á Spáni og hefð mun vera fyrir því að stöðva slaginn þegar nautin þreyast. Dýravendursamtök gagnrýna þó háttíðina, segja að nautin verði fyrir meiðslum, m.a. beinbrotum, og hafa reynt að fá stjórnvöld til að banna slíka nautabardaga.

Stöðva aðgerðir í Færeyjum

● Hlé á baráttu gegn grindhvalaveiðum

Umhverfisverndarsamtökin Sea Shepherd hafa ákveðið að senda ekki báta inn í landhelgi Færeyja í ár til að koma í veg fyrir grindhvalaveiðar og ætla að leggja meiri áherslu á baráttu gegn ólöglegum veiðum annars staðar í heiminum, m.a. í Suður-Ishafi, að því er fram kemur í frétt *Fiskaren*.

Bláðið segir að ekki sé vitað hvort Sea Shepherd hefji baráttuna gegn grindhvalaveiðum Færeyinga að nýju síðar. *Fiskaren* bendir á að 30 ár liðu frá því að samtökin sendu báta til Færeyja í fyrsta skipti á niunda áratugum og þar til þau hófu baráttuna að nýju árið 2014.

Samtökin hafa verið miklu fé í baráttuna gegn grindhvalaveiðum Færeyinga á síðustu tveimur árum með því að senda marga féлага sína til Færeyja og senda báta og skip inn í landhelgina. Þau hafa einnig fengið þekkt fólk til liðs við sig til að vekja athygli á baráttunni, m.a. kanadísku leikkonuna Pamelu Anderson, sem var skipuð formaður stjórnar samtakanna í desember.

Alls voru tólf félagar í Sea Shepherd handteknir og ákærðir í Færeyjum á síðasta ári vegna barátt-



Pamela Anderson

unnar gegn grindhvalaveiðum og mörgum þeirra var vísað úr landi. Nokkrir þeirra voru dæmdir til að greiða háar fjársektir. Færæysk yfirvöld lögðu einnig háð á tvo hraðbata sem liðsmenn Sea Shepherd notuðu til að trufla veiðarnar.

Sea Shepherd hefur barist gegn veiðunum frá árinu 1980. Grindhvalaveiðar hafa verið stundaðar á hverju sumri í Færeyjum svo öldum skiptir. Þær eru bannaðar samkvæmt reglum Evrópusambandsins en löglegar samkvæmt færæyskum lögum og ferðamönnum ber skylda til að tilkynna yfirvöldum um alla grindhvali sem þeir sjá, að viðlögðum sektum eða fangelsi.

Árið 1986 sökkstu útsendarar Sea Shepherd hvalbátum Hvals í Reykjavíkurböfn í mótmælaskyni við andstöðu Íslendinga við hvalveiðibann Alþjóðahvalveiðiráðsins. Skip samtakanna hafa einnig truflað japönsk veiðiskip á miðum í nægenni Suðurskautslandsins.



AFP

Frumvarpið rætt Inger Støjberg, ráðherra innflytjendamála (t.h.), á danska þinginu. Helle Thorning-Schmidt, fyrrv. forsætisráðherra, hlýðir á hana.

Danska frumvarpið gagnrýnt

● Sagt brot á mannréttindasáttmálum

Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins, Nils Muiznieks, hefur gagnrýnt danskt lagafrumvarp um að heimila yfirvöldum að gera peninga og hluti í fórum hælisleitenda upptæka ef verðmæti þeirra fer yfir 10.000 danskar krónur, jafnvirði 190.000 króna.

Að sögn danska ríkisútvarpsins gagnrýnir mannréttindafulltrúinn frumvarpið í bréfi sem hann sendi Inger Støjberg, ráðherra innflytjendamála í minnihlutastjórn mið- og hægriflokksins Venstre. Frumvarpið var tekið til umræðu á danska þinginu á miðvikudaginn var eftir að Venstre náði samkomulagi við þrjá aðra borgaralega flokka og Jafnaðarmannaflokkinn um stuðning við það. Búist er við að frumvarpið verði samþykkt síðar í mánuðinum.

Mannréttindafulltrúinn sendi bréfið daginn áður en umræðan hófst á danska þinginu og sagði að frumvarpið samræmdist ekki mannréttindasáttmálum.

Evrópuráðið var stofnað árið 1949 eftir hörmungar síðari heimsstyrjaldarinnar. Samkvæmt stofnskrá ráðsins er því ætlað að efla sam-

vinnu aðildarríkjanna með það að markmiði að standa vörð um mannréttindi, styrkja lýðræðislega stjórnarhætti, efla mannleg gildi og almenn lífsgæði Evrópubúa.

Mannréttindafulltrúinn gagnrýnir einkum hertar reglur um endursamningu fjölskyldna og ákvæðið um að yfirvöld geti gert eigin flóttafólks upptækar ef verðmæti þeirra fer yfir 10.000 danskar krónur. Aður hafði Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna gagnrýnt frumvarpið.

Svipað lagaákvæði í Sviss

Svipað ákvæði er í lögum sem voru sett í Sviss á síðasta áratug aldarinnar sem leið. Samkvæmt lögum geta svissnesk yfirvöld tekið reiðufé af hælisleitendum ef verðmæti þess fer yfir 1.000 svissneska franka, jafnvirði 130.000 króna. Hermt er að af um 30.000 hælisleitendum í Sviss hafi reiðufé rétt rúmlega 100 manna verið gert upptækt í fyrra.

Flóttamannaráð Sviss hefur gagnrýnt ákvæðið en stjórn landsins hefur verið það og segir það endurspeglar vilja kjósenda. bogi@mbf.is

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. janúar 2016, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. janúar 2016 og önnur gjaldfallin á löggöð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. janúar 2016, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjald, bifreiðagjald, úrvinnslugjald, olíugjald, kílómetragjald, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, skráningargjald vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjald, vörugjald af innlendi framleiðslu, vörugjald af ókutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilgjald á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjald, skipagjöldum, fisksjúkdómagjald, jarðarafgjald, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppþót á eftirlaun, eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins, árgjald handhafa markaðsleyfis, veiðigjald og álöögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvörpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldrafra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálfyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þingfyrirgjald er 2.000 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Er gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, aðgreidd fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjald og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ókutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtubréði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. janúar 2016.

Tollstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfirðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum